

Það skal vanda sem lengi á að standa

Málþing um samskipti kennara og barna í leikskólum



**Stund og staður: Föstudagur 4. júní 2010, kl. 14:00–17:00
í húsaáskynnum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð (fyrirlestraralnum Bratta)**

Málþingið er haldið í samstarfi **Samtaka áhugafólks um skólaþróun, RannUng** og **Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar**. Dagurinn er valinn með hliðsjón af því að 5. júní er **Stóri leikskóladagurinn**, uppskeruhátíð leikskólanna í borginni. Á hátíðinni, sem fer fram í húsaáskynnum Leikskólasviðs í Miðbæjarskólanum, Fríkirkjuvegi 1, frá kl. 10.00–14.30, verða kynnt fjölmörg verkefni, stór og smá sem leikskólarnir í Reykjavík eru að vinna að.

Dagskrá málþingsins

14:00–14:40 RannUng – Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir

„Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“ Hlutverk leikskólakennara í leik barna

Sagt er frá niðurstöðum nýrrar rannsóknar þar sem skoðaðar voru hugmyndir leikskólakennara um leik barna og eigið hlutverk í honum. Rannsóknin náði til þriggja kennara sem fylgst var með á sex mánaða tímabili.

14:40–15:20 Reykjavík – Fífuborg – Ásgerður Guðnadóttir

Samskipti og lýðræði í leik með börnum

Þegar samskipti barna og starfsfólks í leiknum eru skoðuð kemur í ljós að þar er lýðræðið í hávegum haft. En hvað má þá segja um aðra þætti í daglegu starfi leikskólans?

Kaffihlé 15:20–15:40

15:40–16:20 Akureyri – Drífa Þórarinsdóttir

Viðmót kennara og áhrif þess á námsumhverfi barna í leikskólum

Í þessu erindi er sagt frá rannsókn á viðmóti leikskólakennara og áhrifum þess á nám og námsumhverfi barna. Í rannsókninni var einnig skoðaður skilningur kennara á eigin viðmóti og hvort það tengdist agastefnu skólanna.

16:20–17:00 Kópavogur – Núpur – Björk Óttarsdóttir

Fjölgreindir í skólastarfi – hlutverk kennarans og sýn hans á barnið

Hugmyndafræði fjölgreinda gengur út frá því að allir einstaklingar búi yfir átta greindum sem þeir geta þroskað og eftir til að takast á við margbreytileika lífsins. Leikskólinn Núpur hefur unnið með hliðsjón af hugmyndafræði fjölgreinda síðan 2007 og í þeirri vinnu hafa kennarar komist að því að sýn okkar á börnin breytist þegar við horfum á þau með fjölgreindir í huga.

Aðgangur er ókeypis – Allir velkomnir – Skráning á www.skolathroun.is